



Verklag vegna ófærðar - Ísafjarðarbær

Í kjarasamningum KÍ og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna við Samband Íslenskra sveitarfélaga er almenna reglan sú, að starfsmaður sem ekki mætir til starfa af völdum ófærðar er launalaus eða vinnur daginn/vaktina af sér síðar. Hins vegar hefur verið samið sérstaklega um þetta í samningum við FosVest, Starfsgreinasambandið og ASÍ félög, sjá greinar 5.8 eða 5.9, þar sem stendur: *Hamli ófærð því að starfsmenn komist frá heimili sínu til vinnu og geti sinnt starfi sínu, skulu þeir engu að síður halda föstum launum sínum.*“

Samstarfsnefnd Sambandsins hefur minnt vinnuveitendur á að gæta samræmis við launagreiðslur til starfsmanna á sama vinnustað, óháð aðild þeirra að stéttarfélagi, þegar aðstæður sem þessar eru uppi. Til að gæta jafnræðis meðal starfsmanna sveitarfélagsins hvað þetta varðar, hafa eftirfarandi leiðbeiningar því verið útbúnar:

Þegar starfsmaður Ísafjarðarbæjar kemst ekki til vinnu sinnar vegna ófærðar þarf viðkomandi að hafa samband við sinn yfirmann símléiðis og meta stöðuna með honum. Hafi almenn ófærð sannanlega ríkt á viðkomandi svæði og þeir starfsmenn sem í hlut eiga gert sitt ýtrasta til að komast til vinnu eða komið strax og færð leyfði, þá halda starfsmenn föstum launum sínum.

1. Ef starfsmaður kemst ekki til vinnu frá heimili sínu vegna sannanlegrar ófærðar*, heldur hann föstum launum sínum. Með föstum launum er átt við grunnlaun, persónuálag og fasta yfirvinnu. Ekki er greitt fyrir aukavakt/yfirvinnu/útkall í slíkum tilvikum, né vaktaálag ofan á grunnlaun.
2. Ef starfsmaður er staðsettur utan Ísafjarðarbæjar á eigin vegum (s.s. vegna helgarfrís eða orlofs) og kemst ekki til vinnu vegna sannanlegrar ófærðar, skal hann í samráði við næsta yfirmann sinn, nýta orlof eða taka launalaust leyfi. Yfirmaður hefur þó heimild til að gefa starfsmanni færi á að vinna upp tapaðan tíma síðar, ef svo ber undir.
3. Ef starfsmaður er fjarverandi á vegum vinnu sinnar og kemst ekki heim vegna sannanlegrar ófærðar, heldur hann föstum launum sínum og eftir atvikum vaktaálagi (m.ö.o. sömu launum og hann fengi, hefði hann mætt til vinnu). Ef hann framlengir dvöl sína (tekur sér frí) en verður svo veðurtepptur, þá er hann í áframhaldandi orlofi eða tekur launalaust leyfi, nema að yfirmaður heimili honum að vinna upp tapaðan tíma síðar.
4. Ef starfsmaður er veðurtepptur t.d. í Reykjavík í kjölfar læknisheimsóknar (þ.e. vegna læknis- og/eða sérfræðipjónustu sem ekki er í boði í Ísafjarðarbæ) er viðkomandi áfram skráður í veikindaleyfi. Forstöðumaður þarf ávallt að vera upplýstur tímanlega um fyrirhugaða læknisheimsókn.
5. Þegar starfsmaður, sem starfar utan þess þéttbýliskjarna þar sem hann sjálfur býr, verður veðurtepptur eftir vinnu sína, ber honum sjálfum að útvega sér gistingu. Hafi viðkomandi ekki tök á því, munu forstöðumenn eftir fremsta megni aðstoða við það ef svo ber undir.
6. Þeim vinsamlegu tilmælum er beint til starfsmanna sem sinna vaktavinnu á velferðarsviði og búa utan þess þéttbýliskjarna þar sem þeir starfa, að þeir geri ráðstafanir/upplýsi forstöðumann um fyrirkomulag næsta dags ef miklar líkur eru á ófærð. Þeir upplýsi hvort þeir hyggist gista eða fara til síns heima eftir vinnu. Með því móti má flýta fyrir og auðvelda skipulag næsta dags.

Almennt er mælt til þess að starfsmaður, sem er staðsettur utan Ísafjarðarbæjar og kemst ekki heim með flugi þar sem því hafi verið aflýst, reyni að komast heim landleiðina sé hún fær. Að minnsta kosti að viðkomandi leiti allra leiða til að komast sem fyrst til vinnu.

**Um sannanlega ófærð er að ræða þegar tilkynning frá almannavörnum eða lögreglu hefur borist til almennings um lokanir eða ófærð. Það á einnig við þegar Vegagerð hefur gefið út upplýsingar um lokanir á vegum, eða flugfélag hefur aflýst flugi vegna veðurskilyrða (þó skal þá kanna hvort landleið sé fær).*

Ef um óvissustig á vegum, vegna snjóflóðahættu er að ræða, þá skal starfsmaður hafa samband við forstöðumann og eiga samtál um hvort hann komist til vinnu eða ekki. Ef starfsmaður mætir ekki til vinnu getur hann valið um að taka launalaust leyfi eða orlof og/eða honum eftir fremsta megni gert kleift að vinna tapaðan tíma upp síðar.

Ísafjarðarbæ, 4. mars 2021



Birgir Gunnarsson
bæjarstjóri